

ÚTHLUTUNARREGLUR

Námsgagnasjóðs.

1. gr.

Hlutverk Námsgagnasjóðs er að leggja grunnskólum til fé til námsgagnakaupa í því augnamiði að tryggja val þeirra um námsgögn, sbr. 6. gr. laga um námsgögn nr. 71/2007.

2. gr.

Fjármunum sem eru til ráðstöfunar á ári hverju, að frátöldum umsýslukostnaði, er úthlutað til grunnskóla til námsgagnakaupa. Hlutdeild hvers grunnskóla ræðst af nemendafjölda á grundvelli nýjustu upplýsinga frá Hagstofu Íslands um fjölda skráðra nemenda í hverjum grunnskóla.

Grunnskólar með 150 nemendur eða færri fá reiknað álag á hvern nemenda sem hér segir:

- a. 1-50 nemendur fá 20% hærri úthlutun.
- b. 51-100 nemendur fá 10% hærri úthlutun.
- c. 101-150 nemendur fá 5% hærri úthlutun.

Stjórn Námsgagnasjóðs hefur eftirlit með framkvæmd úthlutunar. Ákvörðun um úthlutun er endanleg og verður ekki skotið til æðra stjórnvalds.

3. gr.

Greiðsla fyrir hvern grunnskóla, óháð rekstrarformi, er innt af hendi til rekstraraðila í septembermánuði ár hvert. Rekstraraðilar grunnskóla fylgjast með því að grunnskólar nýti fjármagnnið samkvæmt úthlutunarreglum sjóðsins.

4. gr.

Grunnskólum er einungis heimilt að ráðstafa fjármunum úr Námsgagnasjóði til kaupa á námsgögnum frá lögaðilum öðrum en Menntamálastofnun og skulu námsgögnin samrýmast markmiðum aðalnámskrár grunnskóla. Óheimilt er að verja fjármunum úr Námsgagnasjóði til búnaðar- og tækjakaupa.

Grunnskólum er heimilt að færa óráðstafað úthlutunarfé á milli skólaára.

5. gr.

Námsgagnasjóður getur kallað eftir gögnum um ráðstöfun úthlutunarfjár frá rekstraraðilum grunnskóla. Komi í ljós við eftirlit að grunnskóli hafi ráðstafað fjármunum úr Námsgagnasjóði til annars en heimilað er í úthlutunarreglum þessum getur stjórn sjóðsins krafist endurgreiðslu.

6. gr.

Umsýslukostnaður skal greiddur af ráðstöfunarfé sjóðsins til að standa undir rekstri hans. Umsýslukostnaður skal að hámarki vera 3% af ráðstöfunarfé sjóðsins ár hvert.

Umsýsluaðili skal birta á vef upplýsingar um starfsemi sjóðsins.

7. gr.

Úthlutunarreglur þessar eru settar samkvæmt heimild í 3. mgr. 6. gr. laga um námsgögn nr. 71/2007 og öðlast þegar gildi.

Mennta- og menningarmálaráðuneytinu, 17. október 2016.

Illugi Gunnarsson.

Karitas H. Gunnarsdóttir.